

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orka náttúrunnar - vetnisframleiðsla Hellisheiðarvirkjun



Dags eftirlits	17.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Orka náttúrunnar - vetnisframleiðsla	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Bæjarháls 1	Tegund eftirlits	Óreglubundið
Kennitala	471119-0830	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnea Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Eiríkur Hjálmarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í óreglubundið eftirlit í vetnisframleiðslu Orku Náttúrunnar á Hellisheiði. Starfsleyfi vegna verksmiðjunnar var gefið út 7. janúar 2021 og gildir til 31. desember árið 2022.

Engin frávik eða ábendingar voru sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Kynning á starfsemi og staðan frá síðasta eftirliti
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis skv. gr. 3 í starfsleyfi
- Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi
- Skýrslugjöf skv. gr. 4.3 í starfsleyfi
- Önnur mál

Starfsemi vetnisframleiðslunnar var kynnt fyrir eftirlitsmanni. Hún lýsir sér þannig að vatni er dælt inn í veitustöð og í rafgreini er það klofið í súrefni og vetni. Vetninu er síðan tappað í hylki og flutt á dreifistöðvar þar sem því er þjappað úr 200 börum upp í 700 bör. Súrefnið sem er klofið frá fer út í andrúmsloftið. Starfsleyfi ON heimilar framleiðslu með rafgreiningu á allt að 93.468 kg af vetni á ári.

Í síðasta eftirliti kom fram eitt frávik varðandi skil á umhverfisskýrslu (ársyfirliti) sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi, sem átti að skila fyrir 1. maí 2022. Yfirlýsingu um að engin mengandi efni voru losuð frá vetnisstöð ON árið 2021 og að enginn úrgangur hafi borist frá stöðinni var skilað til Umhverfisstofnunar í kjölfar eftirlitsskýrslu, og telst frávikinu því lokið.

Farið var yfir mengun ytra umhverfis skv. gr. 3 í starfsleyfi. Mengunar- og lekavarnir eru í lagi. Meðhöndlun lúts telst fullnægjandi og enginn úrgangur berst frá stöðinni. Hávaði berst frá pressu sem setur á vetnishylkin, en hún er inni í lokuðum gám og því er dregið úr hávaða eins og kostur er.

Farið var yfir skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi. Í síðasta eftirliti kom fram að til stæði að halda námskeið fyrir starfsmenn varðandi vetnisframleiðsluna í október 2021. Það var gert. Hlutverk vaktmanna snýr að eftirliti með framleiðslunni og að grípa til viðbragða ef þess þarf, og telst það í lagi. Enginn úrgangur fellur til við framleiðsluna og engum lút hefur verið fargað. Haldið er utan um atvikaskráningar í miðlægu kerfi en engin meiri háttar atvik höfðu komið upp þegar eftirlitið fór fram.

Skýrslugjöf skv. gr. 4.3 og umhverfisupplýsingar skv. gr. 4.4 var útskýrð, en þar sem engin losun mengandi efna á sér stað er nóg að skila yfirlýsingu þess efnis, eða vísa í skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu þar sem hægt er að finna þessa samantekt.

Meðfylgjandi fundarboðinu var upplýsingablað um stjórnvaldssektir og áhættumat rekstraraðila. Farið var yfir þessi gögn í eftirlitinu og engar athugasemdir bárust.

Þar sem að núverandi starfsleyfi gildir til loka þessa árs var rekstraraðila bent á að sækja um framlengingu á núverandi starfsleyfi á meðan umsókn um nýtt leyfi er í gangi, og hefur rekstraraðili þegar brugðist við því.


Endað var á skoðunarferð um athafnasvæðið við vetnisframleiðsluna. Svæðið er aðgangsstýrt og vel girt af. Umgengni var snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.08.2022



Margrét Helga Guðmundsdóttir

